

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
b.t. atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
120 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27.10.2014

Efni: Umsögn um 244. mál, þingskjal 273, tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141.

Verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlunar) kynnti tillögu um flokkun virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár með auglýsingu þann 19. desember 2013 og óskaði jafnframt eftir athugasemdum við tillöguna eigi síðar en 19. mars 2014. Tveim dögum síðar, þann 21. mars 2014, lagði verkefnisstjórn síðan til að einungis Hvammsvirkjun í neðrihluta Þjórsár yrði flutt úr biðflokki rammaáætlunar í nýtingarflokk.

Í viðauka við erindisbréf verkefnisstjórnar, dagsett 12. júlí 2013, beindi umhverfis- og auðlindaráðuneytið þeim tilmælum til hennar að forgangsraða vinnu sinni þannig að hún framkvæmdi, eins fljótt og auðið er, faglegt mat á tilteknum þáttum varðandi átta virkjunarkosti. Einn af þessum kostum er Hólmsárvirkjun neðri við Atley sem ekki fékk fullnægjandi mat í meðförum fyrri verkefnisstjórnar, skv. viðauka erindisbréfsins.

Í fylgiskjali með tillögu þessari til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141 kemur fram að hvað Hólmsárvirkjun neðri við Atley varðar taldi verkefnisstjórn nægjanleg grunngögn liggja fyrir til að unnt væri að ljúka mati virkjunarkostsins. Þrátt fyrir að engin gögn hafi skort er það þó niðurstaða verkefnisstjórnar að framkvæma ekki þetta mat gagnvart Hólmsárvirkjun neðri við Atley. Orkusalan harmar þá niðurstöðu.

Orkusalan óskar jafnframt eftir því að við frekari vinnu rammaáætlunar verði verkefnisstjórn falið að forgangsraða vinnu sinni þannig að rökstutt mat á röðun Hólmsárvirkjunar neðri við Atley í rammaáætlun verði lokið sem fyrst til samræmis við viðauka erindisbréfs verkefnisstjórnar, dagsettu 12. júlí 2013.

Virðingarfyllst, f.h. Orkusölnnar ehf.



Magnús Kristjánsson,

framkvæmdastjóri Orkusölnnar ehf.